

Sp.

35. Tillaga til þingsályktunar

[32. mál]

um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölbætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök.

Greinargerð.

Breiðafjarðarbyggðir hafa löngum verið rómaðar fyrir fegurð og landkosti. Í eyjunum var víða fjölbýlt áður fyrr. Um Bjarneyjar er þess getið t. d., að þar hafi verið 8 búendur árið 1703, þegar fyrsta manntal var tekið á Íslandi. Þar er elsta veiðistöð landsins að því er sögur herma. Auðug fiskimið og gagnsöm eyjalönd Breiðafjarðar urðu matarforðabúr fjölda fólks, þegar harðæri og hungur svarf að víða um land. „Hvergi á Íslandi er gagnsamara,“ er haft eftir hinum sögufróða sýslumanni Jóni Espólin. Gömul vísa um hlunnindi Reykhóla er svona:

Söl, hrognkelsi, kræklingur,
hvönn, egg, revr. dúnn, melur,
kál, ber, lundi, kolviður,
kofa, rjúpa, selur.

Breiðafjarðareyjar eru óteljandi. Þær skiptast í tvo meginflokka: Vestureyjar á norðanverðum firðinum og Suðureyjar í mynni Hvammsfjarðar. Nú eru flestar eyvianna í auðn nema Flatey og nokkrar aðrar eyjar í Flateyjarhreppi. Af Suðureyjum er Brokey í bvggð og Purkey. Akureyjar í Gilsfirði eru að byggjast aftur. Víst má telja, að byggð í eyjunum nái aldrei því marki, sem áður var. En mikilvægt er að revna að búa í huginn fyrir það fólk, sem enn býr í eyjunum. Sannleikurinn er sá, að búsetan er besta verndin gegn hvers konar ágangi og ránvrkju aðvifandi manna og dýra. Eyjabúar lærðu snemma að lifa í sátt við umhverfi sitt og nytja hlunnindi lands og sjávar í hófi. Þó að náttúran veiti oft vel úr nægtabúri sínu, verður hún að hafa nægan tíma og frið til eðlilegrar endurnýjunar. Hvers konar ránvrkja og heimtufrækja á þessu sviði hefnir sín, þegar til lengdar lætur.

Að undanfögnu hefur athygli áhugamanna um náttúruvernd beinst að Breiðafjarðarsvæðinu. Komið hefur fram, að æskilegt væri, að sett yrðu sérstök lög um friðun Breiðafjarðar, þar sem hliðsjón væri höfð af lögum um friðun Mývatnssveitar frá 1974. Laugardaginn 14. þ. m. var haldinn fundur í Búðardal á vegum Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða og Vesturlands, þar sem málefni þetta var rætt og nefnd sett á laggirnar til að vinna að framgangi þess. Ekki er þó talið, að bráður háski vofi yfir Breiðafirði að þessu leyti, á hinn bóginn sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga

Þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir, ef þufa þykir. Bent er á, að lífríki fjarðarins sé mjög fjölskrúðugt og svæðið allt sérlega áhugavert. Innan vébanda þess megi telja fjórðung af strandlengju landsins. Þar séu fjöruflákar og leirur miklar, sem skipta miklu máli fyrir ýmsa fuglastofna, enda sé þar heimkynni fjölmargra fugla- og dýrategunda af ýmsu tagi: Um 90% af toppskarfi og um 80% af dilaskarfi þeim, sem hér er, og verulegur hluti af lundastofni landsins. Þar sé að finna um 1/3 af hinum faliðaða arnarstofni hins íslenska dýraríkis. Lífríki fjarðarins sé merkilega fjölbætt og þróttmikið. Ekki verði talin ástæða til að gera svæðið að þjóðgarði að lögum. Á hinn bóginn sé full ástæða til að vera á varðbergi, fylgjast vel með þróun mála, en nýta jafnframt gæði láðs og lagar að hóflegu og skynsamlegu marki.

Reynslan kenndi mönnum að gera vissar ráðstafanir, sem þeir töldu að til gagns mættu verða. Sem dæmi má nefna, að selaskot á Breiðafirði voru bönnuð með lögum nr. 30 frá 27. júní 1925. Uppdráp og írekstrarveiði lögðust niður. Hitt er svo annað mál, að nú telja sumir, að selnum hafi fjölgað nokkuð mikið. Sjaldan eða aldrei þraut fisk í Breiðafirði áður fyrr. En þegar hin stórvirku fiskiskip komu til sögunnar (togarar), brá til hins verra. Fiskigöngurnar voru beinlínis eltar og veiddar áður en þær náðu að ganga inn á fjörðinn. Og oft og iðulega var svo að segja þvergirt með netum fyrir fjarðarmynnið á vertíð, svo að fiskur átti vægast sagt mjög ógreiða leið inn á Breiðafjörð. Með lögum um veiðar í botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni frá 1973, sem undirbúin voru af fiskveiðilaganefnd. og seinni endurskoðun þeirra laga, var friðun aukin á Breiðafjarðarsvæðinu. Erfitt er að ná heildarsamkomulagi um slíka lausn. Flestir heimamanna lögðu áherslu á algera friðun Breiðafjarðar fyrir togveiðum, og sérstaklega voruð menn við því að leyfa stórum og afkastamiklum fiskiskipum að veiða nálægt grunnlínu við utanvert Snæfellsnes. „Aðalfiskigöngurnar koma inn Kolluál og skiptast um Jökultunguna (Jökulgrunn). Hluti göngunnar heldur áfram inn Kolluál inn á Breiðafjörð, hinn hlutinn gengur um Jökuldjúpið.“ Á þetta var rækilega bent og áhersla lögð á, að gera vreið fiskinum mögulegt að ganga inn á fjörðinn.

Heimamönnum er fullljóst, að hæfileg friðun er nauðsynleg. En þeir, sem fiskveiðar stunda, verða líka að lifa. Þess vegna verður að hagnóta auðæfi hafsins bæði með kappi og forsjá. Þar kemur þekkingin og reynslan að góðu haldi. Langt er síðan sú regla var upp tekin að frumkvæði útvegsmanna og sjómanna við Breiðafjörð að hlífa firðinum við netaveiðum. Samkvæmt reglugerð frá 1977 (áður reglugerð frá 19. febr. 1969) eru nú þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skorarvíta, um suðvesturhorn Selskers, í Eyrarfjall við Grundarfjörð. Reglugerðarákvæði þessi eru sett skv. heimild í lögum frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

Árið 1956 fluttu alþingismennirnir Sigurður Ágústsson og Friðjón Þórðarson tillögu til þingsályktunar um fiskirannsóknir á Breiðafirði og innfjörðum hans. Tillaga sú var samþykkt á Alþingi 31. maí 1957. Í greinargerð var víkið að því, að telja mætti öruggt að í Breiðafirði og innfjörðum hans væru miklar uppeldisstöðvar margs konar góðfisks. Bent var m. a. á aflsæl kolamið og rækjumíð, sem orðið hafi vart við í innfjörðunum við norðanverðan Breiðafjörð. Í umsögn fiskideildar atvinnudeildar Háskólans um tillögu þessa, dags. 8. nóv. 1956, segir svo m. a.:

„Litlar fiskirannsóknir hafa verið gerðar á Breiðafirði, miðað við aðra landshluta, einna helst á þekktum fiskislóðum á utanverðu Snæfellsnesi, en ekkert á innfjörðum Breiðafjarðar. Sennilega er Breiðafjörður mikil uppeldisstöð ungfisks, og er æskilegt, að á því væru gerðar kerfishundnar rannsóknir á líkan hátt og í Faxaflóa. Æskilegt væri og að vita, hvaða þýðingu Breiðafjörður hefur sem uppeldisstöð fyrir íslenska fiskistofna þámennt, og mundu merkingar geta skorið úr um það...“

Á síðari árum hafa rannsóknir að sjálfsögðu farið í vöxt. Nefna má, að fyrir nokkrum árum var ákveðið að setja á fót í Ólafsvík útibú frá Hafrannsóknastofnuninni. Þótti það mjög við hæfi.

Hvammfjörður er einn mesti fjörður landsins, 45 km á lengd og 10—12 km á breidd, en mjög misdjúpur. Margir hafa undrast að þar skuli engan fisk að fá, en fjörðurinn er lítt kannaður. Í Saurbæ við Gilsfjörð var talin besta sölvafjara landsins. Þar átti Hóladómkirkja sölvaitak, meðan sölvatekja var talin til meiri háttar hlunninda.

Heita má, að æðarvarp sé horfið úr Suðureyjum Breiðafjarðar. Til þess liggja þrjár meginástæður: 1) Eyjabyggðin leggst í eyði. Þá er ekki hægt að sinna varpinu eins vel, jafnvel þótt eyjarnar séu nytjaðar frá landi. 2) Vargfugli fjölgar gífurlega. Hann lifir góðu lífi við verstöðvarnar á vertíðinni, en flykkist í eyjarnar á vorin. Svartbakurinn er hin versta plága í æðarvarpi. 3) Minkurinn er og hinn allra mesti vágastur í varplöndum, sem engu lífi eirir. Hann hefur ekki náð fótfestu í Vestureyjum, en í Suðureyjum hefur hann gert mikinn usla. Á stöku stað hefur þó tekist að halda minkaplágunni í skefjum með veiðihundum. Ekki verður hjá því komist að hefja harðari og samræmdari aðgerðir en hingað til hefur verið beitt gegn flugvargi og minkaplágu, ef æðurin á ekki að verða aldaða á þessum slóðum. Áhugi manna hefur vissulega vaknað fyrir æðarrækt, þessari nytsömu og þjóðlegu húgrein. Æðarræktarfélag Íslands var stofnað 1969. Nefna má og, að snemma á s.l. ári var stofnað Æðarverndarfélag Stykkishólms.

Fullrar aðgæslu er vissulega þörf, þegar hafist er handa um nýtingu náttúruauðlinda, sem áður hafa að mestu verið ónotaðar. Má þar til nefna rækju og skelfisk. Rækjuvinnsla hófst í Grundarfirði vorið 1969. Á því ári fengust þar um 100 tonn upp úr síó. Að undanförunu hafa rækjuveiðar legið niðri sökum þess, hve mikið af fiski er í uppeldi á miðunum. Um 1970 hófust skelfiskveiðar á Breiðafirði. Nú er skelvinnsla orðin ein af höfuðgreinum atvinnulífs í Stykkishólmi. Á Alþingi 1970 flutti undirritaður, ásamt fleiri alþm., tillögu til þingsályktunar um rannsókn og skulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði. Var hún samþykkt sem þingsályktun 5. apríl 1971 og hljóðar svo:

„Alþingi skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því, að settar verði nú þessar reglur um skelfiskveiðar á Breiðafirði. Jafnframt verði áhersla lögð á aukna leit að rækju, skelfiski og öðrum slíkum verðmætum á þessum slóðum með skvnsamlega hagnýtingu fyrir augum.“

Segja má, að þessar tvær atvinnugreinar hafi þróast með eðlilegum hætti undir umsjá ráðuneytis og Hafrannsóknastofnunar. Hefur í hvívetna verið farið að ráðum þeirra, sem best vita og þekkja til í þessum efnum.

Ekki má gleyma í þessu sambandi að minnast örfáum orðum á Þörungaverksmiðjunum á Revkhólum. Það fyrirtæki hefur átt við mikla hvriunarörðugleika að etia, en nú virðist vera að rofa til að því er kunnugir telja. Við hráefnisöflun og önnur umsvif slíkrar verksmiðju þarf að fara að öllu með gát. Er mér og tjáð, að forráðamenn hennar hafi sýnt fullan skilning á þessum málum.

„Búsetan er besta verndin,“ segja ýmsir þeir sem vernda vilja eyjarnar og umhverfi þeirra. Af þessu leiðir, að revna verður að búa sem best í haginn hjá því fólki, sem enn byggir eyjarnar. Eitt af því, sem sérstaklega verður að hafa í huga, er að auðvelda eyjafólki að hafa samband við umheiminn. Þar kemur til athugunar að bæta samgöngur á sjó og í lofti, þar sem því verður við komið. Flóabátur verður hér eftir sem hingað til að halda uppi ferðum frá Stykkishólmi yfir Breiðafjörð um Flatev til Barðastrandar og veita eyjabúum og öðrum íhúum Breiðafjarðarbyggða þá hjónustu, sem best er unnt að láta í té með viðráðanlegum hætti. Einnig verður að auðvelda hinum fjölmörgu ferðamönnum, sem skoða vilja eyjarnar og fjörðinn, að njóta dásemda umhverfisins og komast leiðar sinnar. Hyggja verður vandlega að því, á hvern hátt óbyggðar eyjar verða best verndaðar gegn hvers konar ásælni og eyðileggingu á komandi tímum.

Eins og áður segir má ljóst vera, að lífríki Breiðafjarðar er bæði fjölbreytt og bröttmikið. Hér að framan hafa nokkur atriði verið nefnd, stiklað á stóru, numið staðar við örfá kennileiti þessa mikla og víðlenda ríkis. Þrátt fyrir ýmsar gagnlegar

athuganir og rannsóknir á undanförunum árum er margt ókannað enn. Nú er t. d. verið að huga að kúfiskveiðum og vinnslu í Stykkishólmi. Fleira mætti nefna, sem of langt yrði upp að telja að sinni.

Þegar horft er fram á veginn og hugað að nýjum leiðum, verður ævinlega að taka mið af þeirri þekkingu og reynslu, sem tiltæk er, og kosta jafnframt kapps um að varðveita það, sem með engu móti má glatast.